

# Aðalfundur Líknarfélagsins

25. september 2010

## Dætur í ríki mínu: Saga og starf Líknarfélagsins

**Systir Julie B. Beck**  
aðalforseti Líknarfélagsins

Þessi fundur er gjöf til allra dætra himnesks föður sem þrá að þekkja huga hans og vilja og skilja ábyrgð sína í áætlun hans. Ég hef heimsótt margar ykkar á liðnu ári, og ég varð snortin þegar ég horfðist í augu við ykkur, faðmaði ykkur, hló með ykkur, táraðist með ykkur, og hlustaði á sorg ykkar, gleði og sigra. Hver ykkar er ólýsanlega dýrmæt og himneskur faðir þekkir ykkur allar. Sem dætur Guðs eruð þið að búa ykkur undir eilíft viðfangsefni og sérhver ykkar hefur kvenlega eiginleika, eðli og ábyrgð. Árangur fjölskyldna, samfélaga, þessarar kirkju og hinnar dýrmætu sáluhjálparáætlunar veltur á trúfestu ykkar. Ó, kæru systur, hve við elskum ykkur og biðjum fyrir ykkur!

Allar erum við staddar mitt í mjög persónulegri jarðneskri reynslu. Tvær systur sem ég hef nýlega hitt eru dæmi um hvernig lifa á af trúfestu. Önnur systirin býr í mið-Brasilíu. Rauðsteinshúsið hennar, mitt í garði með rauðum jarðvegi, sem umluktur er vegg úr rauðum steinum, er griðastaður og afdrep frá umheiminum. Glæðleg börnin hennar kunna að syngja Barnafélagssöngva, og á veggjum heimilis hennar hanga myndir af frelsaranum, musturum og spámönnum Guðs, klipptar út úr *Liahóna* tímaritinu. Hún og eiginmaður hennar færðu persónulegar fórnir til þess að verða innsigliuð í musturinu, svo að börn þeirra gætu fæðst í sáttmálanum. Hún sagðist biðja Drottin stöðugt um að veita sér styrk og innblástur, nægjanlegan til þess að geta alið börn sín upp í ljósi, sannleika og styrk fagnaðarerindisins.

Önnur systir býr alein í örlítilli íbúð á áttugustu hæð í byggingu í Hong Kong. Hún býr frekar þröngt, en er ánægð og sjálfstæð. Hún er eini meðlimur kirkjunnar í sinni fjölskyldu. Á lítilli hillu eru ritningar hennar, handbækur Líknarfélagsins, og önnur rit kirkjunnar. Hún hefur skapað andlegan griðastað á heimili sínu, og hún er ljós öllum í kirkjugrein sinni.

### Viðvaranir

Við vitum að margar systur búa við þjakandi og hættulegar aðstæður. Sumar líða sífellt hungur og sumar verða dag hvern að telja í sig kjark til að halda áfram í trú, þrátt fyrir vonbrigði og svik annarra. Þar sem við lifum á síðustu dögum þessarar jarðar, sjást hvarvetna merki um mikla baráttu. Sögusagnir og misskilning varðandi styrk, tilgang, og stöðu Síðari daga heilagra kvenna má heyra hvarvetna. Algengustu sögusagnirnar láta að því liggja að við séum ekki jafn mikilvægar körlum, að við séum almennt ljúfar en fáfróðar, og að sama hvað við gerum, við verðum aldrei svo góðar að himneskur faðir verði ánægður með okkur. Líkt og Pétur postuli sagði, eru falsspámenn meðal okkar „er smeygja munu inn háskalegum villukenningum og jafnvel afneita herra sínum, sem keypti þá“<sup>1</sup>.

Mormónsbók lýsir því sem er að gerast:

„Því að sjá. Á þeim degi mun [Satan] ólmast í hjörtum mannanna barna og reita þau til reiði gegn því, sem gott er.

Og aðra mun hann hvetja til værdar og andvaraleysisdvala holdlegs öryggis, svo að þeir segi: Allt er eins og vera ber í Síon. Já, Síon dafnar og allt er gott – Og þannig svíkst djöfullinn að sálum þeirra og leiðir þá lævislega niður til heljar.

Og sjá. Enn aðra dregur hann burt með skjalli og segir þeim, að ekkert víti sé til. Og hann segir þeim: Ég er ekki djöfullinn, því að enginn djöfull er til – Og þannig hvíslar hann í eyru þeirra, þar til hann smeygir skelfingarhlekki sínum á þá<sup>2</sup>. Við sívaxandi kröfugerðir, afsakanir, áhugaleysi og ginningar, eiga þær dætur Guðs, sem ekki eru vökular, bænheitar og innblásnar, á hættu að verða það sem ritningarnar kalla „kvensniftir“<sup>3</sup> sem tilbiðja „útlenda guði“<sup>4</sup>. Því miður er það svo, vegna erfiðleika lífsins og vinsælla rangkenninga heimsins, að sumar systur trúa fremur sögusögnunum en sannleikanum. Ósamræmi þeirra við áætlun Guðs sést á því, að margar þeirra gera ekki það sem skiptir máli, svo sem að biðja og lesa ritningarnar. Drottinn hefur sjálfur sagt, að nú sé „dagur viðvörunar, en ekki dagur margra orða“<sup>5</sup>.

### **Líknarfélagið var skipulagt til að vera vörn og griðastaður**

Til þess að vaka yfir, kenna og innblása dætur sínar á þessum háskalegu tímum, heimilaði Guð spámanninum Joseph Smith að koma skipan á konurnar í kirkjunni. Þessi guðlega tilnefnda og prestdæmisstýrða stofnun nefnist Líknarfélagið.

Markmið Líknarfélagsins er að búa dætur Guðs undir blessanir eilífs lífs, er þær eflast í trú og persónulegu réttlæti, styrkja fjölskyldur og heimili og leita að og liðsinna nauðstöddum.

Líknarfélagið útskýrir verksvið okkar og sameinar okkur sem dætur Guðs, er standa vörð um áætlun hans. Á þessum tíma misskilinnar sjálfsvitundar, ringulreiðar og hugarangurs, er Líknarfélaginu ætlað að vera áttaviti og leiðarvísir við að kenna trúföstum konum sannleikann. Réttlátar konur okkar tíma leita úthellingar opinberana til að verjast því sem truflar, berjast gegn hinu illa og andlegri eyðileggingu, og rísa ofar persónulegum hörmungum með því að styrkja trú sína, fjölskyldu sína og veita öðrum líkn.

### **Saga og starf Líknarfélagsins**

Forsætisráð okkar hefur beðist fyrir, fastað, ígrundað og leitað ráða spámanna, sjáanda og opinberara til að fá að vita hvað Guð vill að við gerum til hjálpar og styrktar dætrum hans frammi fyrir „hörmung[um] er koma munu yfir íbúa jarðar.“<sup>6</sup> Svar hefur borist um að systurnar í kirkjunni ættu að þekkja og læra af sögu Líknarfélagsins. Skilningur á sögu Líknarfélagsins styrkir grundvallar sjálfsvitund og verðmæti trúfastra kvenna.

Með hliðsjón af þessu er verið að leggja síðustu hönd á sögu Líknarfélagsins fyrir kirkjuna, og hún verður fánleg til aflestrar á komandi ári. Vegna þessa hefur Saga Líknarfélagsins fengið aukna umfjöllun, meðal annars á síðu heimsóknarkennslunnar í *Líahóna*. Undirbúningsferli sögunnar hefur verið innblásin og upplýsandi reynsla.

Í könnun okkar á sögu Líknarfélagsins höfum við komist að því að hugsjón og tilgangur Drottins varðandi Líknarfélagið var ekki syfjulegur fundur á sunnudegi. Hann hafði í huga eitthvað miklu meira en kvennaklúbb eða sérhæfðan skemmtiklúbb.

Hann ætlaði Líknarfélaginu að byggja upp fólk hans og búa það undir blessanir musterisins. Hann stofnaði þetta félag til að samstilla dætur hans verki hans og fá þær til starfa við að byggja upp ríki hans og styrkja heimili Síonar.

### **Sagan segir okkur hverjar við erum**

Við lærum sögu okkar til að hverfa frá því sem við erum. Heimslægt hungur ríkir meðal góðra kvenna eftir að skilja eigin sjálfsvitund, gildi og mikilvægi. Að læra og hagnýta sér sögu Líknarfélagsins veitir skilgreiningu á og skýrir hverjar við erum sem lærisveinar og fylgjendur frelsara okkar, Jesú Krists. Tryggð okkar og þjónusta er til marks um trúarumbreytingu okkar og þá skuldbindingu að hafa hann í huga og fylgja honum. Í júlí 1830, í upphafi endurreisnar kirkju Drottins, valdi Drottinn fyrsta kvenleiðtoga sinn á þessum ráðstöfunartíma og sagði í opinberun til hennar: „Ég tala til þín, Emma Smith, dóttir mín. Því að sannlega segi ég þér, að allir þeir sem meðtaka fagnaðarerindi mitt, eru synir og dætur í ríki mínu.“<sup>7</sup>

Saga Líknarfélagsins kennir að himneskur faðir þekkir dætur sínar. Hann elskar þær, veitir þeim ákveðna ábyrgð og hefur talað til þeirra og leitt þær í jarðnesku hlutverki þeirra. Auk þess upphefur og staðfestir saga Líknarfélagsins stöðu kvenna og sýnir hvernig þær starfa í félagi við trúfasta prestdæmisleiðtoga.

### **Sagan kennir hvað okkur ber að gera**

Við lærum sögu okkar til að komast að því hvað okkur ber að gera. Í sögu okkar lærum við að búa okkur undir blessanir eilífs lífs. Líknarfélagið hefur sem stofnun ávallt borið ábyrgð á að koma skipan á krafta systranna í deildum og greinum Síonar. Með Líknarfélagsfundum, þjónustu heimsóknarkennara og sameinaðri þjónustu systranna, er dætrum Guðs séð fyrir kennslu, vakað er yfir þeim, og þær fá innblástur í ábyrgðarskyldum sínum í verki og ríki Drottins. Forsetar Líknarfélagsins í deildum og greinum eru settir í embætti til að stjórna því starfi.

Á þessum fundi fyrir einu ári voru reglur kynntar um Líknarfélagsfundi. Við upplýsum með gleði að í flestum deildum og greinum hvarvetna um heim hafa forsætisráð Líknarfélagsins og systurnar tekið þessum reglum fagnandi og þeim anda sem að baki þeim liggur. Það hefur verið gleðiefni að sjá sögulegan tilgang og verk Líknarfélagsins endurlífgað. Við höfum einnig séð að Líknarfélagið hefur aukist að reisn, ímynd og mikilvægi, nú þegar allir fundir systranna eru einfaldlega nefndir og tilgreindir sem – Líknarfélagsfundir. Við sjáum trú og persónulegt réttlæti aukast, fjölskyldur og heimili styrkjast og Líknarfélagssystur veita aukna líkn með réttri hagnýtingu Líknarfélagsfunda. Allar reglur um Líknarfélagsfundi, heimsóknarkennslu og annað starf Líknarfélagsins grundvallast á sögu Líknarfélagsins og eru samþykktar af Æðsta forsætisráðinu.

Það hefur alltaf verið ábyrgð Líknarfélagsins að taka þátt í sáluhjálparstarfinu. Frá upphafi hinnar endurreistu kirkju hafa systurnar ætíð brugðist við atburðum líðandi stundar, komið þar fyrstar og horfið þaðan síðastar. Frá Líknarfélaginu fara systur til þjónustu í Barnafélaginu, Stúlknafélaginu, sunnudagaskólanum og við önnur verkefni og eru komandi kynslóð fordæmi ljóss og dyggðar. Persónuleg þjónusta byggir upp hverja systur, og sameiginleg þjónusta milljóna trúfastra kvenna er gríðarlegt trúarafli í verki Drottins. Sagan sýnir að systurnar hafa frá upphafi endurreisnarinnar verið í fararbroddi við að miðla fagnaðarerindinu, og því starfi halda þær áfram er þær þjóna í trúboði, búa

pilta og stúlkur undir að þjóna í trúboði og bjóða vinum, nágrönnum og fjölskyldumeðlimum að njóta með sér blessana fagnaðarerindisins. Við komumst einnig að því að spámaðurinn Joseph Smith hagnýtti sér Líknarfélagsfundi til að fræða systurnar um undirbúning fyrir musterið. Í dag eru ættfræði- og musterisstarf enn hluti af frumskyldum Líknarfélagsins.

Skilningur kvenna á sögulegum tilgangi okkar auðveldar þeim rétta forgangsroðun, svo að þær muni „ekki [eyða] silfri fyrir það, sem er einskis virði, né [erfiða] fyrir það, sem enga saðningu veitir.“<sup>8</sup> Líknarfélagið hefur alltaf borið þá ábyrgð að gera það sem Páll postuli kenndi: Að kenna stúlkum bindindi, háttvísi og skírlífi og þeim sem giftar eru, að elska eiginmenn sína og börn og vera heimilisræknar.<sup>9</sup> Saga Líknarfélagsins kennir að við þurfum að sinna því mikilvæga sem frelsar okkur og helgar og stuðlar að perónulegu sjálfstæði okkar og gagnsemi í ríki Drottins.

Hinn rauði þráður í sögu okkar er að þær systur, sem hagnýta sér kraft heilags anda, njóta handleiðslu Drottins í lífi sínu og hljóta opinberanir varðandi ábyrgð sína.

### **Sagan sameinar trúfastar konur**

Við lærum sögu okkar því að hún sameinar trúfastar konur. Saga Líknarfélagsins er andrjúk saga sterkra, tryggra og stefnufastra kvenna. Líknarfélagið er hluti hinnar endurreistu kirkju Drottins sem nú er meðal nærri 170 þjóða. Hvarvetna í heiminum má veita fullvaxta konum í kirkju Drottins merkilega og mikilvæga ábyrgð.

Stúlkur og ungar konur í kirkjunni læra að setja sér markmið með hjálp ritanna Trú á Guð og Eigin framþróun, sem beina þeim að musterinu og framtíðarábyrgð sinni. Í Líknarfélaginu heldur framþróun þeirra áfram í átt að blessunum musterisins og eilífs lífs, þegar þær auka trú sína og persónulegt réttlæti, styrkja fjölskyldur og heimili og leita að og liðsinna hinum nauðstöddu. Trúfastar systur læra þetta án þess að fá merkjanlega viðurkenningu eða lof fyrir verk sín. Það er vegna þess að Líknarfélagið þrífst og dafnar á kenningum Drottins Jesú Krists, sem sagði að ef við gefum ölmusu okkar (eða föstufórn) í leynum, muni faðir okkar sem sér í leynum, opinskátt umbuna okkur.<sup>10</sup>

Í gegnum sögu og starf Líknarfélagsins tengjumst við um heim allan sterkum systraböndum, ungar og aldnar, ríkar og fátækar, menntaðar og ólæsar, einhleypar og giftar, sterkar og óhagganlegar dætur Guðs.

### **Söguþekkingin getur hjálpað okkur að breytast**

Við lærum sögu okkar því hún hjálpar okkur að breytast. Þegar öllu er á botninn hvolft er gildi sögunnar ekki svo mjög fólgið í dagsetningum, tíma eða stöðum. Hún er gagnleg því hún kennir okkur reglur, tilgang og starfshætti sem okkur bera að fylgja, hún auðveldar okkur að vita hverjar við erum og hvað okkur ber að gera, og hún sameinar okkur í að efla heimili Síonar og byggja upp ríki Guðs á jörðu. Líknarfélagið getur, þegar það starfar af innblæstri, breytt ótta, efasemdum og eigingirni í trú, von og kærleika. Eftir því sem við sækjum fram í verki Drottins, munu trúfastar systur hvarvetna í heiminum áfram rita sögu Líknarfélagsins. Drottinn styrkir Líknarfélagið nú á líðandi stundu og býr dætur sínar undir dýrðlega framtíð.

Ég gef ykkur vitnisburð minn um raunveruleika okkar himneska föður og sonar hans, Jesú Krists. Fagnaðarerindið, hin góðu tíðindi um eðli okkar og tilgang, var endurreist fyrir tilverknað spámansins Josephs Smith. Í nafni Jesú Krists, amen.

#### HEIMILDIR

1. 2 Pét 2:1.
2. 3 Ne 28:20–22.
3. 2 Tím 3:6.
4. Jós 24:23.
5. K&S 63:58.
6. K&S 1:17.
7. K&S 25:1.
8. 2 Ne 9:51.
9. Sjá Títus 2:4–5.
10. Sjá Matt 6:4; 3 Ne 13:4.